

Niðurstaða:

Verið er að rannsaka umfangsmikið ætlað brot nokkurra aðila gegn lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. brl. og rg. 16, 1986 sbr. framangreint og framlögð gögn og tengist Jón Sigurðsson f. 3.5. 1964 þessum ætluðu brotum og tekur beinan þátt í þeim.

Rannsókn þessi er umfangsmikil eins og áður segir því margir koma við sögu og tími brotanna spannar nokkuð langan tíma að ætlað sé, en rannsókn er á frumstigi.

Rétt þykir því að verða við kröfu lögreglu og gera Jóni Sigurðssyni f. 3.5. 1964 að sæta gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa, sbr. 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 og þykir gæsluvarðhaldstíminn hæfilega afmarkaður allt til 10. febrúar nk. kl. 20:49.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Jón Sigurðsson, fæddur 3.5. 1964, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til 10. febrúar nk. kl. 20:49.

Fimmtudaginn 5. febrúar 1987.
Nr. 13/1986. **Skeifan h/f**

(Sveinn Snorrason hrl.)
gegn

**Skiptaráðandanum í Reykjavík
f.h. þrotabús Árna Björgvinssonar
og gagnsök**

(Sigurður Helgi Guðjónsson hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Riftun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. janúar 1986. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 6. mars 1986. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms með þeirri breytingu að vextir verði 3,5% á mánuði frá 31. maí 1985 til 1. mars 1986, 2,75% frá þeim degi til 1. apríl s.á., en 2,25% frá þeim degi til greiðsludags. Gagnáfrýjandi krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í málflutningi af hálfu aðaláfrýjanda er við það miðað að uppgjör á húsaleiguskuld þrotamanns við hann hafi farið fram 10. febrúar 1984 og að þá hafi einnig farið fram greiðsla sú sem krafist er að rift verði. Samkvæmt því og með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann með þeim breytingum á vaxtaákvæði hans sem í dómsorði greinir.

Með vísan til dóms Hæstaréttar frá 23. desember 1986 í málinu nr. 252/1984, sbr. einnig auglýsingu Seðlabanka Íslands dags. 18. janúar 1985, þykir mega ákveða að heimilt skuli að leggja vexti er falla á eftir 10. febrúar 1985 við höfuðstól dómkröfunnar einu sinni á hverju 12 mánaða tímabili, í fyrsta sinn 10. febrúar 1986.

Aðaláfrýjandi verður dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 75.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Skeifan h/f, greiði gagnáfrýjanda, skiptaráðandanum í Reykjavík f.h. þrotabús Árna Björgvinssonar, 464.759,59 krónur með 19% ársvöxtum frá 10. febrúar 1984 til 1. janúar 1985, 30,8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á. og 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Heimilt er að leggja áfallna vexti eftir 10. febrúar 1985 við höfuðstól dómkröfunnar einu sinni á hverju 12 mánaða tímabili, í fyrsta sinn 10. febrúar 1986.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms á að vera óraskað.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 75.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara.

Gagnáfrýjandi hefur til stuðnings kröfum sínum lagt fram „Uppgjör við Árna Björgvinsson“ dagsett 10. febrúar 1984. Uppgjör þetta er óundirritað, en ekki er um það deilt að það sé frá aðaláfrýjanda komið. Jafnframt þessu uppgjóri hefur gagnáfrýjandi lagt fram tvær kvittanir frá aðaláfrýjanda. Önnur kvittunin er dagsett 24. janúar 1984 að fjárhæð 154.388,40 krónur og þar segir svo: „Árni Björgvinsson, Smiðjuvegi 6, Kópavogi, hefur í dag greitt húsaleigu fyrir janúarmánuð 1984, með þeim fyrirvara að móttékin skuldabréf verði greidd að fullu.“

Hin kvittunin er dagsett 5. febrúar 1984 að fjárhæð 154.388,40 krónur. Í texta hennar segir: „Árni Björgvinsson, Smiðjuvegur 6, Kópavogi, hefir í dag greitt húsaleigu fyrir febrúarmánuð 1984, með þeim fyrirvara að móttékin víxill og skuldabréf verði greidd að fullu.“

Uppgjör er í eðli sínu yfirlit yfir viðskipti aðilanna. Það styðst við skjöl um einstaka þætti uppgjörins. Fjárhæðir ofangreindra kvittana eru tilgreindar sérstaklega í uppgjörinu án þess að greiðsludagar séu þar nefndir. Gagnáfrýjandi lagði sjálfur fram þessar kvittanir án athugasemda. Þegar gætt er sönnunarreglna sem hér eiga við þá þykir verða að líta svo á þrátt fyrir málflutning af hálfu aðaláfrýjanda, að gagnáfrýjandi hafi ekki sannað, að greiðslur samkvæmt nefndum tveim kvittunum hafi verið inntar af hendi innan sex mánaða frests 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Sýkna ber því aðaláfrýjanda af 308.776,80 krónum (154.388,40 + 154.388,40). Ber því að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda 155.982,79 krónur (464.759,59 - 308.776,80) ásamt vöxtum eins og meiri hluti dómenda hefur ákveðið, en rétt er að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstrétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. janúar 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 8. janúar sl., hefur Viðar Már Matthíasson hdl., nnr. 9184-3838, Borgartúni 24, Reykjavík, f.h. þrotabús Árna Björgvinssonar, nnr. 0505-9860, sem er til gjaldþrotameðferðar hjá skiptaráðandanum í Reykjavík, höfðað með stefnu framlagðri í dóm 27. júní 1985 á hendur Skeifunni hf., nnr. 8164-5604, með skráða starfstöð að Smiðjuvegi 6, Kópavogi, en með varnarþingi í Reykjavík.

Í málinu gerir stefnandi svofelldar dómkröfur:

„1. Að rift verði með dómi greiðslu á þeim hluta skuldar Árna Björgvinssonar, nnr. 0505-9860, við Skeifuna hf., sem fram fór með afhendingu kaupsamninga/skuldabréfa og víxils, samtals að fjárhæð kr. 484.295,13 þann 10.02. 1984.

2. Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 484.295,13 með 19% ársvöxtum frá 10.02. 1984 til 31.12. 1984, en með 32% ársvöxtum frá 01.01. 1985 til 31.01. 1985, en með 39% ársvöxtum frá 01.02. 1985 til 28.02. 1985, en með 4% vöxtum á mánuði frá 01.03. 1985 til 31.05. 1985, en með 3,5% vöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

3. Þá er þess krafist að heimilt verði að leggja vexti við höfuðstól einu sinni á hverju 12 mánaða tímabili, í fyrsta sinn þann 10.02. 1985, en síðan árlega þann sama dag.

4. Loks er krafist málskostnaðar samkv. gjaldskrá LMFÍ, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram af hálfu stefnanda við aðalflutning málsins ef til hans kemur.“

Af hálfu stefnda, Skeifunnar hf., er sótt þing og þær kröfur gerðar að fyrirtækið verði sýknað af öllum kröfum stefnanda og verði dæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Stefnandi gerir svofellda grein fyrir máli sínu:

„Árni Björgvinsson, nnr. 0505-9860, gerði í júní 1983 samning við stefnda. Samningur þessi var hvort tveggja í senn, kaupsamningur um vöru-lager Skeifunnar hf. fyrir kr. 2.000.000,00 og leigusamningur um 1372 fm húsnæði hlutafélagsins að Smiðjuvegi 6, Kópavogi, sem Árni hugðist nota til reksturs húsgagnaverslunar undir nafninu Húsgagnaverslunin Skeifan. Leigugreiðslur á mánuði námu kr. 137.200,00 fyrir júní, en leigufjárhæðin skyldi hækka í samræmi við vísitölu húsnæðiskostnaðar fyrir atvinnuhúsnæði og var grunnvísitalan miðuð við júní 1983. Árni Björgvinsson hóf síðan rekstur verslunar með húsgögn í nefndu húsnæði undir nafninu Húsgagnaverslunin Skeifan. Rak hann verslunina sem einkafirma sitt. Verslunarreksturinn gekk frá upphafi mjög illa og lenti Árni í alvarlegum vanskil-

um þegar á árinu 1983. Meðal annars lenti Árni í vanskilum vegna víxla sem hann samþykkti og afhenti stefnda sem tryggingu fyrir leigugreiðslu á árinu 1983. Þá lenti Árni í umtalsverðum vanskilum vegna greiðslu á kaupverði fyrir vörulagerinn, en hann hafði gefið út nokkur skuldabréf til tryggingar greiðslu á lagernum. Árni Björgvinsson greiddi ekki húsaleigu fyrir janúar 1984 á réttum tíma, né heldur fyrir febrúar 1984, en leigugreiðslan skyldi innt af hendi mánaðarlega fyrirfram samkvæmt fyrirmælum í leigusamningi. Af hálfu fyrirsvarsmanns stefnda, Magnúsar Jóhannssonar, var mjög knúid á um það að Árni greiddi skuldir sínar við stefnda. Árni hefur upplýst við skýrslugjöf fyrir skiptarétti Reykjavíkur að fyrirsvarsmanni stefnda, Magnúsi Jóhannssyni, hafi verið kunnugt um það í ársbyrjum 1984 að hann, Árni, væri kominn í greiðslubrot og hann væri ófær um að greiða skuldir sínar. Til marks um það má benda á að skuldabréf þau sem Árni Björgvinsson setti til tryggingar á greiðslu vörulagers, en skuldabréf þessi voru tryggð með veði í ýmsum fasteignum, m.a. að hluta til í fasteign Oddnýjar Ingimarsdóttur að Langholtsvegi 80, Reykjavík, gjaldféllu að verulegu leyti þegar á haustmánuðum 1983. Hóf stefndi með aðstoð lögfræðings innheimtu á hinum gjaldföllnu skuldabréfum og var gengið að þeim veðtryggingum sem settar höfðu verið. Einn veðsalinn a.m.k., Oddný Ingimarsdóttir, hafði þurft að greiða skuldina og var hinu upphaflega veðskuldabréfi aflýst af fasteign hennar í framhaldi af því.

Í febrúar 1984 sá Árni Björgvinsson fyrir að hlaupareikningi hans vegna Húsgagnaverslunarinnar Skeifunnar nr. 3070 við Sparisjóð Kópavogs, Austurbæjarútibú, yrði lokað fljótlega, enda hafði Árni gefið út umtalsvert magn af innistæðulausum tékkum. Árni tók þá út kaupsamninga/skuldabréf, sem hann átti í Sparisjóði Kópavogs og voru þar til innheimtu, en skjöl þessi hafði Árni fengið vegna vörusölu úr Húsgagnaversluninni Skeifan. Árni afhenti Magnúsi Jóhannssyni fyrir hönd Skeifunnar hf. kaupsamninga/skuldabréf þessi 23 að tölu og víxil. Fór uppgjör vegna þessa fram þann 10.02. 1984, og var það svohljóðandi:

	Debet:	Kredit:
An: Innl. víxill pr. 15.11.1983, B.Í.	171.141,09	
do. " " 10.11.1983, Sp.Kóp.	34.810,10	
do. " " 20.01.1984, " "	39.693,50	
Húsaleiga f. janúar 1984	154.388,40	
do. " febrúar "	154.388,40	
Innborgun á víxli pr.15.12.1983,B.Í.	39.532,74	
Pro: Andvirði víxils og skuldabréfa		484.295,13
2 x 100.000,00 ávísanir		200.000,00
	<hr/>	
	593.954,23	684.295,13
Mismunur	90.340,90	

Mismunurinn kr. 90.340,90 gekk til greiðslu á húsaleigu fyrir marsmánuð.

Vegna mikilla vanskila Árna Björgvinssonar afsalaði hann sér fyrst hluta verslunarrekstrarins, en síðan öllum rekstrinum og vörulager til Jóns Einars Jakobssonar hdl. Nefndur Jón Einar hafði í samráði við Árna ráðgast um það við stefnda að hann gerðist aðili að húsleigusamningi Árna við stefnda. Með vitund stefnda var samkomulag um þetta gert milli Árna og Jóns Einars þann 02.03. 1984, en það kom þó ekki til framkvæmda fyrr en síðar og þá í annarri mynd. Verður ekki séð að Skeifan hf. hafi samþykkt nein aðilaskipti að upphaflegum leigusamningi við Árna fyrr en þann 10. júlí 1984.

Með bréfi Útvegsbanka Íslands móttæknu af skiptaráðandanum í Reykjavík þann 08.08. 1984 var óskað gjaldþrotaskipta á búi Árna Björgvinssonar. Úrskurður um skiptin var uppkveðinn þann 11.12. 1984, en þrotamaður fyrst yfirheyrður þann 01.02. 1985.

Í búinu fundust í upphafi engar eignir, en lýstar kröfur voru að fjárhæð liðlega kr. 5.000.000,00. Höfðuð hafa verið tvö riftunarmál vegna ráðstafana þrotamanns á síðustu sex mánuðum fyrir frest dag, og er þetta mál hið þriðja. Verða ekki höfðuð fleiri mál.

Kjarni málsástæðna stefnanda er því sá að greiðsla á skuldum þeim sem að ofan greinir og voru inntar af hendi með kaupsamningum/ skuldabréfum og víxli úr verslunarrekstri Árna Björgvinssonar verði að teljast hafa farið fram með óvenjulegum greiðslueyri, enda verður engan veginn sagt að greiðslan hafi verið venjuleg eftir atvikum, þar sem fjárhagur Árna var mjög bágur og mikill fjöldi kröfuhafa freistaði þess að fá fullnustu á kröfum sínum.

Jafnframt er byggt sjálfstætt á því að fyrirsvarsmenn stefnda hafi vitað um greiðsluerfiðleika Árna Björgvinssonar og verið ljóst að skuldir hans voru slíkar að móttaka á greiðslu skuldarinnar hafi verið ótilhlýðileg mismunun stefnda í vil á kostnað annarra kröfuhafa, enda naut stefndi sérstakrar aðstöðu til að þrýsta á um greiðslu þar eð hann var leigusali Árna.

Stefnukrafan er í fyrsta lagi krafa um riftun á greiðslu skuldarinnar og jafnframt krafa um endurgreiðslu á fjárhæð, sem jafngildir þeim hluta skuldarinnar við stefnda sem greidd var með hinum óvenjulega greiðslueyri, þ.e. kaupsamningum/skuldabréfum og víxli.

Sundurliðun stefnukröfu:

Ekki er ástæða til að sundurliða stefnukröfuna sérstaklega að öðru leyti en því sem þegar hefur verið gert. Sá hluti skuldarinnar, sem greiddur var með óvenjulegum greiðslueyri, var kr. 484.295,13 og sundurliðast sú fjárhæð þannig:

Kaupandi/skuldari skv. sk. br.:	Fjárhæð
María Welding	kr. 11.062,80
Ragnheiður Aðalsteinsdóttir	“ 38.596,60
Edda Scheving	“ 9.298,00
Sigurjón Rútsson	“ 21.350,00
Ásta Haraldsdóttir	“ 13.270,20
Ólafur Sveinsson	“ 16.024,40
Þóra Kristinsdóttir	“ 8.077,10
Guðný Einarsdóttir	“ 35.818,50
Magnús Finnsson	“ 42.097,90
Lúðvík	“ 13.862,90
Erla Gústafsdóttir	“ 8.547,05
Jónína Jakobsdóttir	“ 5.411,40
Ólafur Þorláksson	“ 16.535,54
Bryndís Eðvarðsdóttir	“ 9.357,60
Sigfús Sigurðsson	“ 2.780,14
Þröstur Steinþórsson	“ 4.028,30
Guðbjörg Guðmundsdóttir	“ 3.506,90
B. Sveinbjörnsson	“ 29.123,60
Axel Blómsterberg	“ 9.670,40
Ögmundur Kristgeirsson	“ 10.218,40
Egill Gestsson	“ 66.694,00
Pétur Eyfelds	“ 34.780,00
Þórarinn Valgeirsson	“ 34.215,00
Frjáls fjölmiðlun	Vixill “ 40.468,40
Samtals	kr. 484.295,13

Ofangreind fjárhæð er sú fjárhæð sem krafid er um endurgreiðslu á.“

Stefnandi styður stefnukröfur sínar við eftirtalin lagarök:

„Krafan um riftun styðst við 54. gr.laga nr. 6/1978. Jafnframt er byggt sjálfstætt um riftunarkröfu á 61. gr. sömu laga. Endurgreiðslukrafan styðst við 62. gr. laga 6/1978 og við 63. gr. sömu laga, ef riftun er byggð á 61. gr. laganna. Vaxtakrafan byggir á 5. gr. laga 58/1960, svo og auglýsingum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um vaxtafót. Krafan um að vextir skuli leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti byggir á auglýsingum Seðlabanka Íslands, svo og á almennum reglum um útreikning vaxta. Málskostnaðarkrafan byggir á 1. mgr. 177. gr. laga 85/1936, sbr. og 184. gr. sömu laga ef til framlagningar málskostnaðarreiknings kemur.“

Af hálfu stefnda er því haldið fram að við kaup- og leigusamninga aðila á árinu 1983 hafi Árni Björgvinsson staðhæft að hann hefði nægilegt fjár-

magn til rekstrarins því auk þess að eiga svo til skuldlausu húseign að Reynihvamm 5 í Kópavogi, sem ætla megi að væri um 5 milljóna virði, þá ætti hann verðbréf að nettóverðmæti milli tveggja og þriggja milljóna króna. Þessu til sönnunar hafi hann sýnt veðbókarvottorð fyrir Reynihvamm 5, er sýnt hafi veðsetningar upphaflega að fjárhæð kr. 26.900,00, samkvæmt veðbréfum útgefnum á tímabilinu 1963 til 1976. Árni hafi staðhæft að meiri hluti þessara skulda væri að fullu efndur. Þá hafi Útvegsbankinn í Kópavogi staðfest að Árni hefði verið þar í viðskiptum um alllangt skeið og í hvívetna staðið við skuldbindingar sínar.

Þá er því haldið fram af hálfu stefnda að í febrúarmánuði 1984, þá er þær greiðslur fóru fram sem hér er krafist riftunar á, hafi fyrirsvarsmanni stefnda Magnúsi Jóhannssyni verið alls ókunnugt um nokkrar aðrar skuldir Árna Björgvinssonar en við Skeifuna hf. Á þeim tíma hafi honum verið um það kunnugt að enginn kröfuhafi hafði leitað fullnustu í fasteign Árna að Reynihvamm 5. Árni hafi hins vegar skýrt Magnúsi svo frá að vegna hjúskaparmála sinna hefði eiginkona sín neitað að samþykkja veðsetningu húseignarinnar til tryggingar bankaviðskiptum sínum, og hafi það leitt til takmörkunar á skuldabréfakvóta hans hjá viðskiptabönkum. Magnús mætti þó treysta því að gjaldþol hans væri óskert þar sem vörubirgðir fyrirtækisins næmu um þrem milljónum króna og jafnvel þótt þau hjón slitu hjúskap, sem horfur væru á, þá væri eignarhluti hans í húsinu um þrjár milljónir króna.

Árna hafi verið kunnugt um að Skeifan hf. hafði, meðan hún rak húsgagnaverslunina að Smiðjuvegi 6, haft viðskipti við Búnaðarbankann og hafði átt þar skuldabréfakvóta. Hafi hann falast eftir því, að þessi kvóti yrði nú nýttur þar sem hans eigin kvóti væri takmarkaður tímabundið meðan fjármál þeirra hjóna væru óleyst. Magnús Jóhannsson hafi fallist á þessa greiðslutilhögun, enda hafi hann haft fulla ástæðu til að ætla að eingöngu væri um tímabundna greiðsluferðileika Árna að ræða vegna hjúskaparmála hans.

Af hálfu stefnda eru síðan færð fram eftirfarandi málsástæður og laga-rök:

„A. Eins og að framan hefur verið lýst var greiðsla húsaleiguskuldar Árna Björgvinssonar til stefndu hinn 10.2. 1984 á engan hátt í óvenjulegum greiðslueyri þegar atvik eru öll virt, greiðslan var ekki innt af höndum fyrr en edlilegt mátti teljast og hún réð engu um gjaldfærni Árna Björgvinssonar á þeim tíma. Skilyrði 54. gr. gjaldþrotalaga eru því ekki til riftunar.

B. Staðhæfingu á bls. 2 í stefnu um að Árni hafi upplýst „við skýrslugjöf fyrir skiptarétti Reykjavíkur, að fyrirsvarsmanni stefnda, Magnúsi Jóhannssyni, hafi verið kunnugt um það í ársbyrjun 1984 að hann, Árni, væri kominn í greiðsluþrot og að hann væri ófær um að greiða skuldir

sínar”, er mótmælt sem rangri. Það sem skráð er eftir Árna í þessu efni er síðast í bókun á dskj. 17: „aðspurður kveður mætti, að Magnús hafi mátt gera sér ljóst, að verslunin stóð höllum fæti.“

Í sjálfu sér er allmikill munur á þessu tvennu, en rétt er þó að víkja nokkru nánar að bókuninni og skoðun Árna þá á því hvert hann telur hafa verið mat Magnúsar 15 mánuðum áður á stöðu verslunarinnar. Eins og áður segir var Magnúsi Jóhannssyni ókunnugt um aðrar skuldir Árna en við stefndu. Magnús hafði ástæðu til að ætla að Árni ætti þá milli 2 og 3 milljónir í verðbréfum. Hann vissi að mat Árna sjálfs eða starfsmanna hans á vörubirgðum verslunarinnar á þessum tíma var á fjórðu milljón króna og að búshelmingur Árna í fasteign, bifreið og innbúi var að hans mati á 4 milljón króna þótt til skilnaðar kæmi. Viðurkenning þessi kemur að mestu fram í fyrrgreindri skýrslugjöf Árna fyrir skiptarétti Reykjavíkur dskj. nr. 17. Árni segir það ekki hafa verið fyrr en í júní 1984 að hann hafi gert sér grein fyrir fjárhagsstöðu sinni. Hvernig mátti Magnús Jóhannsson þá gera sér fjárhagsstöðuna ljósa 4 mánuðum áður. Það liggja fyrir óyggjandi sannanir þess, að Magnús Jóhannsson hafði fulla ástæðu til þess að ætla að Árni ætti eignir langt umfram skuldir, er hann veitti leigugreiðslunni viðtöku.

Skilyrði 61. og 62. gr. gjaldþrotalaga til riftunar og endurkröfu eru ekki fyrir hendi.“

Magnús Jóhannsson, framkvæmdastjóri stefnda, hefur komið fyrir dóm. Árni Björgvinsson hefur gefið skýrslu fyrir skiptaráðanda þann 1. febrúar 1985 og liggur sú skýrsla frammi í málinu.

Álit dómsins:

Stefnandi byggir málalátibúnað sinn aðallega á 1. mgr. 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 en þar segir:

„Krefjast má riftunar á greiðslu skuldar á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag, ef greitt var með óvenjulegum greiðslueyri, fyrr en edlilegt var eða greidd var fjárhæð, sem úrslitum réð um gjaldfærni þrotamanns, nema greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum.“

Uppgjör stefnda og Árna Björgvinssonar, það sem hér um ræðir, fór fram 10. febrúar 1984. Gjaldþrotaskipta á búi Árna Björgvinssonar er krafist 8. ágúst 1984 og telst það frestdagur, sbr. 4. mgr. 1. gr. gþl. nr. 6/1978. Uppgjörið fer þannig fram innan 6 mánaða frests 1. mgr. 54. gr. gþl., enda hefur því ekki verið mótmælt.

Samkvæmt ákvæði 54. gr. gþl. er það eitt nægjanlegt skilyrði til riftunar að greitt hafi verið með óvenjulegum greiðslueyri. Kröfur á aðra, eins og þær sem hér um ræðir, eru ekki venjulegur greiðslueyrir í viðskiptum manna almennt. Samkvæmt framburði Magnúsar Jóhannssonar, fyrirvars-

manns stefnda, hafði Árni Björgvinsson ekki greitt honum, fyrr en í uppgjöri þeirra þann 10. febrúar, í slíkum greiðslueyri og ósannað er að þessi greiðslumáti sé venjulegur í þeim viðskiptum sem stefndi átti við Árna Björgvinsson eða að einhverjar sérstakar aðstæður hafi gert hann eðlilegan. Árni Björgvinsson átti á þessum tíma ekki reiðufé til greiðslu skuldarinnar. Þegar af ofangreindum ástæðum er stefnanda rétt að rifta umræddum ráðstöfunum Árna Björgvinssonar. Samkvæmt 1. mgr. 62. gr. gþl. ber því að taka kröfu stefnanda til greina þó með þeirri breytingu að lækka ber kröfuna um skuldabréf útgefið af Ólafi Þorlákssyni, kr. 16.535,54 og um kr. 3.000,00 sem eru eftirstöðvar af skuldabréfi útgefnu af Axel Blomsterberg en skuldabréf þessi hafa enn ekki greiðst.

Vaxtakröfu stefnanda er ekki mótmælt og er hún tekin til greina á þann hátt sem greinir í dómsorði.

Rétt þykir með tilliti til málavaxta að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Skeifan hf., greiði stefnanda, þ.b. Árna Björgvinssonar, kr. 464.759,59 með 19% ársvöxtum frá 10.02. 1984 til 31.12. 1984, með 32% ársvöxtum frá 01.01. 1985 til 31.01. 1985, með 39% ársvöxtum frá 01.02. 1985 til 28.02. 1985, með 4% vöxtum á mánuði frá 01.03. 1985 til 31.05. 1985, með 3,5% vöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Heimilt er að leggja vexti við höfuðstól einu sinni á hverju 12 mánaða tímabili, talið frá 10.02. 1985, þannig í fyrsta sinn er 12 mánuðir eru liðnir frá þeim degi.

Hvor aðila skal bera sinn kostnað af máli þessu.